

Fornám

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði og nákvæmni í framsetningu og lausnum verkefna. Meginviðfangsefni eru upprifjun á stærðfræði sem kennd er í grunnskóla svo sem talnareikningur, bókstafareikningur, jöfnur, prósentureikningur og flatarmál. Mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu og eru reiknivélar kynntar og notaðar við útreikninga á flóknari dæmum.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- reglum um talna- og brotareikning, þekki forgangsröð aðgerða, notkun sviga og geti lengt og stýtt brot.
- undirstöðuatriðum í bókstafareikningi.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með jöfnur af fyrsta stigi.
- leysa algeng dæmi í prósentu- og vaxtareikningi.
- beita fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna og rætt niðurstöður og aðferðir.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Takast á við þætti sem tilheyra undirbúningi undir einingabæra áfanga í framhaldsskólum, ásamt almennum grunnatriðum stærðfræðinnar og vinnubrögðum við stærðfræðinámi.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni. Lokapróf er í áfanganum.